

**Sp.**

**124. Tillaga til þingsályktunar**

**[74. mál]**

um endurskoðun laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um útvarpsrekstur ríkisins þannig, að þau svari kröfum tímans um skipulags- og fjárhagsgrundvöll bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp, og leggja frumvarp að nýjum lögum fyrir næsta reglulegt þing.

**Greinargerð.**

Lög þau, sem gilda um útvarpsrekstur ríkisins, eru, að nokkrum breytingum undanskildum, frá árinu 1934. Þá var útvarpsstarfsemi hér á landi í bernsku og lítil reynsla af henni fengin. Nú hefur ríkisútvarpið starfað í röskan aldarfjórðung, og er öllum ljóst, sem til þekkja, að löggin eru um margt ófullkomin og þarfnast gagngerðrar endurskoðunar. Hefur reynzt nauðsynlegt fyrir starfsemi útvarpsins að gefa út fjölda reglugerða, en í þeim er fjölmargt, sem betur stæði í lögum, og raunar sithvað í lögnum, sem óþarft er orðið.

Margt ber til þess, að tímabært er að hreyfa þessu máli nú. Útvarpstækni hefur tekið stökkbreytingum á nokkrum síðustu árum og gerbreytt mörgum viðhorfum starfseminnar. Dagskráin hefur lengzt og breytzt og gegnir margþættara hlutverki en áður. Þetta og margt fleira gerir viðhorf öll í skipulagsmálum útvarpsins önnur en þau voru 1934.

Þá er ónefnt það atriði, sem mestu skiptir í þessum efnum, en það er sjónvarpið. Þessi nýja undratækni hlýtur að berast til Íslands eins og flestra annarra landa, og því fyrr, því betra. Er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að gera sér tímanlega grein fyrir, hvernig þeir ætla að hagnýta þennan nýja undramiðil tækninnar, en allt veltur á því, hvernig á er haldið.

Þeir tímar eru liðnir, er smáþjóðir þurftu að neita sér um sjónvarp vegna kostnaðar. Lítil sjónvarpsstöð kostar ekki nema 1—2 milljónir króna. Rekstrarkostnaður fer eftir því, hve miklu er kostað til dagskrár, en hér á landi virðist sjálfsagt að fara mjög hægt af stað í þeim efnum. Virðist skynsamlegast að byrja á sjónvarpinu sem fyrst, en í eins smáum stíl og unnt er, til að öðlast sem mesta og bezta reynslu, áður en lengra er haldið.

Það er skammsýni að líta eingöngu á sjónvarp sem skemmti- og fræðslutæki fyrir heimilin. Það er þegar notað í stórum stíl í margs konar iðnaði, framleiðslu, samgöngum og vísindum og er að verða ómetanlegt kennslutæki í skólum.